

KNATTSPYRNUDEILD SINDRA

2023

LEIKSKRÁ SINDRA

Sumarið 2023



Sindri – Víkingur Ó

2. deild karla

26. ágúst
kl. 14:00

Jökulfellsvöllurinn

VEO APPIÐ

Við minnum á VEO-appið, þar er hægt að horfa á alla leiki meistaraflokkanna.

Það er voða einfalt að komast þar inn!


1. Finna "VEO Live" á Play eða App store
2. Niðurhala forritinu.
3. Opna appið og búa til aðgang
4. Finna og fylgja Sindra
5. Horfa á leikina!

**Kemstu ekki á völlin en langar að horfa á leikinn?
Fylgstu þá með á VEO appinu! Leikir Sindra eru sýndir
LIVE á appinu hvort sem eru heimaleikir eða útileikir,
karla eða kvenna leikir og það er einnig hægt að horfa á
leiki yngri flokkanna!
Hversu geggjað er það!**

The logo features the word "LIVE" in a stylized, blocky font. The letters are white with a vibrant green outline. The "L" and "V" are particularly bold and interconnected. The background is a solid black rectangle.

VELKOMIN Á

JÖKULFELLSVÖLLINN







2023

SINDRI - HÖTTUR/HUGINN



BYRJUNARLIÐ:



12 - OSKAR KAROL (M)

4 - BJARKI FLÓVENT

7 - ABDUL BANGURA

8 - BIRKIR SNÆR

9 - IVAN PAPONJA

10 - IBRAHIM BARRIE (F)

13 - ROBERTAS

16 - BJÖRGVIN INGI

17 - FREYR

18 - BJÖRGVIN FREYR

23 - MATE

VARAMENN:

1 - RÓBERT MARWIN (M)

3 - KRISTOFER

5 - KJARTAN JÓHANN

6 - INGVI ÞÓR

11 - ÓLIVER BERG

20 - ADAM

29 - HILMAR ÞÓR

FJÖLMIÐLAFULLTRÚI SINDRA - KONAN Á BAKVIÐ TJÖLDIN!

Fréttir af starfinu og kynningarefni á samfélagsmiðlum hefur verið áberandi hjá knattspyrnudeildinni í sumar. Leikskrár líkt og þessar hafa tekið stakkaskiptum og þá er eðlilegt að fólk spyrji sig hver er það sem er að leggja allan þennan metnað og dugnað í að gera starfi knattspyrnudeildarinnar skil?

Sú heitir Katrín Birta Björgvinsdóttir og er 22. ára úr Berufirðinum. Katrín flutti til Hafnar í blóma Covids árið 2020 en systir hennar Kolbrún býr hér ásamt manni og börnum. Katrín vinnur á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði en í sumar hefur hún verið að vinna í Dilksnesi. Hún tók sér pásu frá námi eftir menntaskóla til að ákveða hvað hún vildi gera en það var þá sem hún uppgötvaði fjölmiðlafræði og heillaðist af henni.


Í dag er hún að byrja annað árið sitt í fjarnámi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri og gengur vel. Það var svo í námsveri Háskólaseturs að hugmyndin kom að hún myndi taka að sér verkefni fjölmiðlafulltrúa Knattspyrnudeildar Sindra og hefur hún sinnt því af miklum metnaði frá byrjun tímabils.

Katrín Birta hefur þetta að segja um starfið:

"Starfið er mjög krefjandi og tímafrekt en mér finnst það ótrúlega skemmtilegt og er þakklát að fá þetta frábæra tækifæri til að fá reynslu af starfinu á meðan ég er í námi, þetta er reynsla sem ekki margir nemar fá. Markmiðið er að auka sýnileika á því magnaða starfi sem fer fram innan knattspyrnudeildarinnar og gefa innsýn inn í það sem fer fram utan og innan vallarins með aðstoð stjórnar, þjálfara og Sindrafólki öllu. Ég hef unnið að ýmsum verkefnum t.d. að tilkynna leiki, skrifa fréttagreinar í Eystrahorn, koma fram leikmannakynningum, búa til auglýsingar, hanna skilti á völlinn, sýna frá leikjum á samfélagsmiðlum og að sjálfsögðu leikskrárnar! Ég vil þakka öllum hjá Sindra fyrir að taka ótrúlega vel á móti mér, taka vel í allar hugmyndir sem ég hef og hjálpa mér með allt. Og takk þið fyrir að lesa þetta!"

Við hjá Knattspyrnudeildinni vorum heldur betur heppin að fá Katrínu með okkur í lið og þökkum við henni fyrir hennar ómetanlega innlegg!

**TAKK KATRÍN &
ÁFRAM SINDRI**





MARKMENN SINDRA NOTA RINAT VÖRUR!



**UMF. SINDRI Í SAMSTARFI VIÐ RINAT
BJÓÐA 20% AFSLÁTT Á
MARKMANNSHÖNSKUM**

Kóði: KNDSINDRI

"Rinat hanskarir hafa reynst mér vel í sumar. Þeir endast betur en flestir hanskar og gefa gott grip sem og eru þægilegir. Mæli með þeim 100%."

- Róbert Marwin, markmaður mfl. karla



Landsbankinn







JÖKULFELLSVÖLLUR BÝÐUR LEIKMENN OG GESTI VELKOMNA

#ÁFRAMSINDRI
#VIÐERUMÍLIÐISINDRA
#STOLTURSTYRKTARAÐILI





LEIKIR Í ÁGÚST:



MEISTARAFLOKKUR
KVENNA

SINDRI 1-6 EINHERJI

MEISTARAFLOKKUR
KARLA

SINDRI 3-1 KV

MEISTARAFLOKKUR
KARLA

SINDRI 1-2 DALVÍK/REYNIR

MEISTARAFLOKKUR
KVENNA

SINDRI 1-8 ÍR

MEISTARAFLOKKUR
KARLA

SINDRI 0 - 2 HÖTTUR/HUGINN

MEISTARAFLOKKUR
KVENNA

SINDRI 0 - 10 FJÖLNIR

MEISTARAFLOKKUR
KARLA


SINDRI 1 - 5 VÖLSUNGUR

**SINDRI
VÍKINGUR Ó**

MEISTARAFLOKKUR KARLA
SUNNUDAGINN 26. ÁGUST KL 14:00
JÓKULFELLSVÖLLURINN



NÆSTU LEIKIR Á JÖKULFELLSVELLI



3. flokkur karla
Sindri/Neisti - Fjölnir 2
27. ágúst kl 13:30



2. flokkur karla
Sindri/KFA/Neisti - ÍR/Léttir
27. ágúst kl 15:30



Meistaraflokkur kvenna
Sindri - Völsungur
03. september kl 16:00



**Sjáumst þar
Áfram Sindri!!**

Kærar þakkir fá sjálfboðaliðar knattspyrnudeildar Sindra,
við gætum þetta ekki án ykkar.

Hafðu samband:



Knattspyrnudeild UMF. Sindra



@fotboltisindri



@fotboltisindri



knattspyrna@umfsindri.is



umfsindri.is